

Leikskólinn Hæðarból



Starfsáætlun skólaárið 2015-2016

Ágúst 2015
Sígurborg Kristjánsdóttir,
leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tölulegar upplýsingar	3
Mat á innrastarf.....	4
Uppeldi til ábyrgðar	4
Lýðræði	4
Lesmál	5
Útinám, vísindi, stærðfræði og ljóðagerð	5
Heimspeki.....	6
Stærðfræði	7
Tónlist	7
Hreyfing og heilsa	7
Samstarf við Hofsstaðaskóla	8
Spjaldtölvur í skólastarfi.....	9
Forgangsroðun starfstíma í þágu barnanna	9
Foreldrasamstarf	9
Starfsmannastefna	10
Nýbreytniverkefni.....	10
Húsnæði og viðhald	10
Lokaorð	11
Starfsáætlun skólaárið 2015 til 2016.....	12
Nýbreytniverkefni skólaárið 2015-2016	12
Umbótaáætlun	13
Skóladagatal	14
Staðfesting foreldraráðs	15

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gefa út sérstaka starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfi komandi starfsárs byggða á skólanámskrá og mati á skólastarfi liðins starfsárs. Einnig kemur fram að starfsáætlunin og skólanámskráin skuli vera staðfest af foreldraráði sem hefur áður verið kynnt fyrir foreldrum.

Stoðir í þessari skýrslu er unnin út frá matsfundi sem haldinn var og skráður 11. maí meðal alls starfsfólks, viðtölum við einstaka starfsmenn til að fá skilning á ákveðum þáttum á innra starfi, rýnihópsviðtölum við deildarstjóra, skýrslum deildarstjóra um mat sinnar deildar, náms- eða örsögum einstakra barna og barnahópa sem kennarar hafa safnað saman í ferilmöppur barnanna. Einnig byggir skýrslan á könnun meðal 76,5% foreldra sem mældi 29 þætti um: a) daglegt leikskólastarf, b) námsumhverfi, c) samskipti við foreldra d) upphaf og lok leikskólagöngu og f) sérstakan stuðning og sérfræðipjónustu. Að lokum byggir skýrslan á könnun meðal starfsmanna en sú könnun mældi 40 þætti um: almennar upplýsingar um starfsfólk, viðhorf þess til leikskólans, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningstíma. Í báðum könnunum var gefin kostur á opnum spurningum. Garðabær keypti Skólapúlsinn til að gera kannanirnar sem gerðar voru á tímabilinu janúar til mars.

Tölulegar upplýsingar

Barnahópurinn. Í desember 2014 voru 58 börn í leikskólanum, þar af voru 28 drengir og 30 stúlkur. Barnafjöldinn skiptist á 3 deildar, 17 börn á aldrinum 18 mánaða til 3 ára á Víðisel, 21 barn á aldrinum 3 til 4 ára á Furusel og 21 barn á aldrinum 4 til fimm ára Birkisel. Útseldir dvalartímar voru 473,5 og barngildin 69,9. Sjö börn voru tvítyngd frá fjórum löndum. Eitt barn var með skilgreinda greiningu vegna frávíks í þroska og tólf börn fengu stuðning vegna minniháttar frávíks svo sem málþroska, félagsfærni, gróf- og fínhyrþroska og hegðunarerfiðleika.

Starfsmannahópurinn. Leikskólinn var vel mannaður á síðasta starfsári af fagfólki sem og öðru háskólamenntuðu starfsfólki. Heildarstöðugilin í desember voru 14,9 sem 17 starfsmenn fylltu. Þar af voru níu leikskólakennara, einn grunnskólakennari, þrír þroskaþjálfar, einn starfsmaður með BS í sálfræði og mannauðsstjórnun, einn með BA í lögfræði og einn arkitekt auk matreiðslumanns í mötuneyti.

Sí- og endurmenntun. Fjölbreytt símenntun, sem menntastofnanir og samtök stóðu fyrir, voru í boði á síðasta starfsári. Menntanefnd Kragans stóð fyrir fjölbreyttum námskeiðum sem höfðuðu til allra starfshópa innan leikskólanna sem starfsmenn leikskólans nýtt vel. Kennarar voru spurðir í starfsmannakönnuninni hvort þeir geti sótt námskeið sem þeir þurfa á að halda starfsins vegna og svöruðu allir að þeir hafi haft tækifæri til að viðhald og bæta við þekkingu sína, getað sótt námskeið sem þeir þurftu á að halda og símenntunin sem þeir sóttu nýttist vel í starfi.

Mat á innrastarf

Í lögum um leikskóla er kveðið á um að hver leikskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir mati á áherslupáttum í innra starfi leikskólans skólaárið 2014 til 2015.

Uppeldi til ábyrgðar


Á síðasta ári voru helstu áherslurnar í innrastarfi að þróa frekar starfshætti uppeldisstefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar*. Stefnan er búin að vera leiðarljós í ellefu ár og má segja að starfið sé komið inn í vegg leikskólans og flestir kennararnir séu búnir að tileinka sér starfsaðferðirnar. Að mati kennara segja þeir að allir þurfi „að vera á tánum“ og stöðug símenntun þurfi að eiga sér stað til að samhæfa starfshætti svo allir geti gengið í takt til að viðhalda sýninni.

Í viðhorfskönnun meðal foreldra voru allir foreldrar mjög ánægðir eða frekar ánægðir með starfshættina sem leikskólinn notar. Einnig kom fram í ummælunum foreldra að þeir væru ánægðir með; frábæra kennslu, hlýtt viðmót, gott og kærleiksríkt andrúmsloft, samskiptin, jákvæð samskipti o.s.frv. sem kennarar vilja líta á sem hluta af skólamenningunni sem uppeldisstefnan *Uppeldi til ábyrgðar* endurspeglar.



Lýðræði

Lýðræðið í leikskólastarfinu var meðal áherslupátta á síðasta starfsári og var horft til þess að hlusta á raddir barnanna og gera þær sýnilegri í öllu skólastarfinu sem urðu að veruleika eftir því sem leið á skólaárið. Börnin voru hvött til að vinna saman og leita sameiginlegra lausna, þeim gefinn kostur á að velja sér verkefni og aðferðir til að vinna að verkefnum sínum. Með því fengu þau tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið sem er í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að auka lýðræði ungra barna. Börnin voru eflað til sjálfstæðis og virkjuð til að bera ábyrgð á námi sínu sem leið til að gera þau virka og ábyrga þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi.



Allir foreldrar voru sammála um að börnin hafi fengið þá hvatningu sem þau þurftu við námið í leikskólanum og þeir töldu jafnframt að börnin hefðu verið hvött til sjálfstæðis, þegar þeir svöruðu könnun sem Skólapúlsinn gerði. Foreldrar töldu líka að börnin

væru ánægði í leikskólanum, þeim liði vel og að þau fái gott svigrúm til að fullnægja löngunum sínum með vali á viðfangsefnum, sem er afar jákvæð niðurstaða.

Lesmál

Samkvæmt starfsáætlun síðasta árs var einnig horft til þess að auka stoðir læsis. Lesmál er þróunarverkefni í leikskólum Garðabæjar en verkefnið felur í sér að kennarar eru með markvissar sögu- og samræðustundir og markmið með þeim er að stuðla að auknum hlustunar- og málskilningi barna, auka orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu þeirra. Börnin voru beðin um að koma til skiptis með bækur að heiman sem þau þekktu vel og sögðu frá innihaldi þeirra. Bækur voru gerðar sýnilegri en áður og lesið daglega fyrir börnin, þau spurð út í efnið, margræð orð tekin til greiningar og krufin til mergjar. Í þessum stundum komu þau líka fram og sögðu sögur, brandara, fluttu ljóð eða sungu einsöng, tvísöng eða sungu nokkur í hóp eða allir saman. Þessar stundir fóru fram í samverustundum og í könnun meðal foreldra kom fram að öllum börnum liði mjög eða frekar vel í þessum stundum sem og í hópastarfi.



Útinám, vísindi, stærðfræði og ljóðagerð

Útinám, vísindi, stærðfræði og ljóðagerð voru meðal áherslupátta í starfsáætluninni sem kennarar töldu að þeir þyrftu að vinna betur að. Ákveðið var að samþætta vísinda- og hluta af stærðfræðináminu við útikennsluna og við það varð kennslan fjölbreyttari, skemmtilegri og marvissari en áður þegar hvert námefti var lagt fyrir sérstaklega. Börnin fóru í gönguferðir í næsta nágrenni og söfnuðu efniviði sem þau unnu síðan úr í vísindasmiðjunni eða tóku með sér efnivið



úr leikskólanum til að vinna með. Þau vigtuðu og skráðu þyngd hlutanna og rannsökuðu eðlisþyngd þeirra í vatni. Börnin könnuðu krafta segulstáls og gerðu athuganir á vatni í misjöfnum fasa svo eitthvað sé nefnt. Lækurinn var rannsakaður og trén í skógarlundinum. Í útikennslustofunni sátu þau í misjöfnum veðrum og greindu veðrabrigðin og veltu fyrir sér öflunum sem valda veðrabreytingum. Börnin höfðu gaman af þessari vinnu sem þau ræddu um þegar heim var komið eins og kom oft fram í

daglegum samskiptum foreldra og kennara. Í foreldra- könnuninni töldu 97,5% foreldra að börnunum liði vel í útivist.

Börnin tóku þátt í hreinsunaráttak bæjarins og voru börnin hæstánægð með að gegna samfélagslegri skyldu sinni sem fullgildir borgarar í Garðabæ. Til að fræðast um bæinn sinn fóru kennarar í margar ferðir til að skoða helstu byggingar og voru ferðirnar nýttar til skráningar á fjölda til dæmis bifreiða sem urðu á leið þeirra, litbrigði náttúrunnar greind eftir árstíðum, formin skoðuð og svo lengi má telja. Í lok hvers útikenntslutíma gerðu börnin ljóð sem endurspegluðu það sem þau lærðu í það og það skiptið. Ljóðin samanstóðu af nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum. Kennara töldu þessa leið ágæta til að mæta markmiðinu um ljóðagerðina sem sett var fram í starfsáætluninni í tengslum við tónlist sem náðist ekki þar. Hér má sjá tvö ljóð sem börnin sömdu eftir slíka tíma.

París, moka, labba, gaman, dugleg, gulur, sippuband, tré, gras, laufblöð. skemmtileg, blár, gaman hlaupa, leiðast, gildra. 12.sep. 2014	Sniglar, moka, labba, blár, grænn, slímugir, leikskóli, hús, róla, afi, gaman, skemmtilegt, brún, taka, skoða, bíll. 19.sep. 2014
--	--

Heimspeki

Heimspekikennsla var áhersluþáttur á síðasta starfsári en þá var lögð meiri áhersla á að kennarar nýttu samræðuna til að þjálfa börnin til að koma hugsunum sínum í orð, greina orðræðuna og með því voru börnin þjálfuð til að koma auga á áður óþekkt tengsl. Markmiðið með heimspekinni var að auka færni barnanna í að setja fram skoðanir sínar, auka gagnrýna hugsun, efla skilning á sjálfum sér og öðrum og að auka skilning þeirra á lífinu og tilverunni. Elstu börnin fóru vikulega í markvissa heimspeki-kennslu en sérstök áhersla var á að efla þau í gagnrýnni hugsun. Unnið var í samverustundum með heimspekina með yngri börnin. Á matsfundi kennara í maí var ákveðið að taka heimspekikennsluna marvissara inn í starfið með yngri börnunum á næsta skólaári.



Stærðfræði

Meðal áherslupátta sem fram kom í starfsáætlun síðasta árs var stærðfræði. Námið fléttaðist inn í allt daglegt starf bæði úti og inni. Unnið var með talnaskilning, form, stærðir, mynstur, tölutákn og einföld reiknisdæmi. Kubbar og stærðfræðispil voru nýtt til að ná fram stærðfræði-skilningi. Börnin gerðu ýmsar kannanir eins og að telja og flokka hluti sem þau fundu í umhverfinu og settu upp í súlurit. Einnig gerðu þau könnun á uppáhaldsmatnum o.s.frv. Með því hugtökin fleiri/ færri, jafn margir, minni efstur og neðstur svo eitthvað sé nefnt. hefur komið fram fór stærðfræðikennslan líka fram í tengslum vísindanámið en markvisst var unnið stærðfræðina í sex vikna lotum fyrir sex vikur eftir áramót. Helsta markmiðið að undirbúa börnin fyrir næsta skólastig. Foreldrar nefndu meðal annars í könnuninni hversu ánægðir þeir væru með stærðfræðinámið í leikskólanum.



lærðu þau um
og stærri og
Eins og áður

við úti- og
með

áramót og aðrar
með náminu var

Tónlist

Frá upphafi hefur tónlist verið ríkur þáttur í leikskóla-starfinu og hefur hún verið fléttuð inn í flesta þætti starfsins. Foreldrar hafa lýst því í daglegum samskiptum hve börnin læra mikið af lögum með flóknum textum. Kennarar settu sér það markmið að samþætta tónlist og ljóðagerð en þegar á reyndi töldu þeir ljóðagerðina henta betur í tengslum við raun- og náttúruvísindum og gerð var grein fyrir í kaflanum um útinám, vísindum, stærðfræði og ljóðagerð.



Hreyfing og heilsa



Hreyfing skipaði stóran sess í skólastarfinu á síðasta ári sem og hollt mataræði. Tveir elstu árgangarnir, þ.e. fjögurra og fimm ára börnin sóttu vikulega íþróttatíma í Mýrinni en yngri börnin fóru í skipulagðar hreyfistundir í sal leikskólans. Fjögurra og fimm ára börnin komu að skipulagningu íþróttatímanna og byggðu upp tímaseðla með kennurum sínum. Þau sátu í matarnefnd skólans og komu að ákvörðun matseðlagerðar. 95% foreldra sem svöruðu könnuninni voru ánægð með hollustu matarins í leikskólanum.

Vikulega var farið í göngutúra út fyrir lóðamörkin til að efla þol og styrk barnanna þar sem þau gerðu ótrúlegustu æfingar til dæmis í hefðbundnum göngutúrum. Í september var haldið námskeið fyrir kennara skólans sem bar heitið „Færni til framtíðar“ sem fjallaði um örvun hreyfifærni barna í nánasta umhverfi. Námskeiðið gaf kennurum ágætar hugmyndir um leiðir til að efla hreyfifærni og þol ungra barna í göngutúrum og gera ferðirnar eftirminnilegar enda voru 98% foreldra mjög ánægðir með útveru barnanna sem má leiða líkur að því að þeir hafi líka verið að gefa álit sitt á hreyfingunni sem fram fór í göngutúrunum utan skólalóðar.



Samstarf við Hofsstaðaskóla

Samstarf við Hofsstaðarskóla var með ágætum eins og árin á undan en áhersla á síðasta starfsári var þó að horfa meira á samstarfið út frá forsendum leikskólans. Á Birkiseli var unnið markvisst með fimm ára börnin með það að markmiði að undirbúa þau sem best undir skólagöngu næsta skólastigs. Kennarar leikskólans voru í ágætu samstarfi við kennara Hofsstaðaskóla um námið.

Mat kennara grunnskólans árið á undan var að fækka heimsóknum leikskólabarna í ljósi þess hve mörg börn þeir þurftu að taka á móti vegna fjölda barna í árganginum sem olli miklu álagi á þá. Því var ákveðið að lengja hverja heimsókn en fækka þeim þess í stað þannig að börnin fengu það sama út úr samstarfinu og árin á undan. Í ljósi þess var ákveðið að starfið í leikskólanum yrði meira út frá forsendum leikskólans sem gekk eftir.



Rúmlega 92% foreldra voru meðvitaðir um áherslur á samstarf leikskólans við grunnskólann og tæplega 85% höfðu vitneskju um að barnið þeirra fengju kynningu á starfi grunnskólans. Hins vegar voru eingöngu 50% foreldra sem sögðust vera virkir þátttakendur að undirbúningi undir skólagönguna. Því liggur það ljóst fyrir að leikskólinn þarf að virkja og vinna betur með foreldrum við þessi mikilvægu tímamót í lífi barnsins. Við þurfum að móta ákveðna verkferla um flutning milli skólastiga með foreldrum

og miðla upplýsingum betur til þeirra og taka mið af því að þeir taki þátt t.d. í heimsóknum í grunnskólann ef vilji foreldra er til þess.

Spjaldtölvur í skólastarfi

Með stefnu bæjaryfirvalda í innleiðingu spjaldtölva sem kennslu- og margmiðlunartæki má segja að tækifærin séu ærin í kennslu leikskólabarna og til miðlun upplýsinga um námið. Tæknin ýtir undir námsreynslu barnanna og færir þeim aukin tækifæri til að þróa eigin hæfni út frá markmiðum leikskólastarfsins. Spjaldtölvur eru líka mikilvægar til að halda til dæmis utan um skráningar á námi, líðan og daglegum athöfnum barnanna auk þess sem hún gefur starfsfólki leikskóla ómæld tækifæri til að miðla upplýsingum um uppeldis- og menntastarfið til foreldra á skjótan og skilvirkan hátt.

Nú hefur leikskólinn átta spjaldtölvum yfir að ráða sem hafa verið nýttar í námssögugerðir, rafbókagerðir, félagshæfnissögugerðir o.s.frv. Það sem hindrar helst í notkun þessara tækja er netsambandið sem skólinn býr yfir, sem er veikt, óstöðugt og nær ekki inn á deild. Ef leikskólinn á að standa jafnfætis öðrum leikskólum bæjarins þarf að bæta netsambandið verulega.



Forgangsroðun starfstíma í þágu barnanna

Að forgangsraða starfstíma í þágu barnanna fólst í því að kennarar á Birkiseli leikskólans gerðu með sér sáttmála um að fella niður kaffitímana, bæði morgun og síðdegiskaffið en taka þess í stað hádegishlé. Kennarar Birkisels mátuð það svo að það myndaðist rof í flæði kennslustarfsins við það að fara í kaffitíma sérstaklega á morgnana. Með því að fella niður kaffitímana varð meira flæði í kennslunni sem og lengra hádegishlé sem gaf starfsmönnum tækifæri til að sinna erindum sínum í lengra hléi. Aðrar deildir eru að hugleiða að fara sömu leið og Birkisel á næsta ári.

Foreldrasamstarf

Þrír áherslupáttir voru á stefnuskránni í foreldrasamstarfi. Hið fyrst var að kynna uppeldisstefnuna *Uppeldi til ábyrgðar* en það gerði Ingibjörg Gunnarsdóttir, fráfarandi leikskólastjóri á foreldrafundi foreldrum 1. og 2. september sl. haust.

Annar áherslupátturinn var að efla samræðu og samvinnu með foreldrum um uppeldis- og menntastarfið. Minna varð úr því en áætlanir stóðu til.

Þriðji áherslupátturinn var á gerð námssagna til að byggja brú milli heimilis og leikskólans um nám og styrkleika barnsins. Að sögn kennara náðist markiðið ekki að senda sögurnar heim eins og til stóð.



Starfsmannastefna

Starfsmannastefna leikskólans byggir á því að í leikskólanum starfi uppeldismenntaðir starfsmenn, leikskólakennarar, þroskaþjálfar, kennarar og ábyrgir starfsmenn sem nýta hæfileika sína og menntun í starfi með börnunum.

Kennarar leikskólans settu sér fjögur markmið síðasta haust. Hið fyrsta var að efla ábyrgðarkennd og veita jafnframt svigrún fyrir vellíðan og ánægju í starfi. Allir starfsmennirnir sem tóku þátt í starfsmannakönnuninni sögðust búa við starfsöryggi, hæfni þeirra nýtist vel í starfi og í heildina séu þeir ánægðir í starfi og allir voru sammála um að tekið væri vel á móti nýjum starfsmönnum. Liðlega 91% sögðu að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli, leikskólinn hafi góða ímynd í samfélaginu og góður starfsandi ríkti í leikskólanum. Allir voru sammála um að þeir fái hvatningu í starfi, þeim hrósað og starfið væri metið að veruleikum af yfirmönnum.

Annað markmiðið var að hvetja starfsmenn til sjálfsskoðunar í ljósi uppeldisstefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar*. Starfsmenn voru sammála um að þeir þurfi sífellt að skoða eigin fagmennsku, hvað þeir geri vel í kennslunni og hvað þeir geti gert betur.

Þriðja markmiðið var að efla heilsu starfsmanna. Áður var getið um að kennarar sóttu námskeiðið *Færni til framtíðar* um örvun hreyfifærni barna úti í nánasta umhverfi. Kennarar sáu tækifærin í því að efla sína eigin hreyfifærni um leið og þeir þjálfuðu hreyfifærni barnanna. Því til viðbótar fóru kennararnir á námskeið í kerrupúli og æfingarnar sem þeir lærðu þar nýttu þeir þegar þeir fóru með yngstu börnin í göngutúra í nágrenninu.

Fjórða markmiðið var að efla símenntun meðal starfsmanna. Í kaflanum um tölulegar upplýsingar um sí- og endurmenntun er gerð grein fyrir ánægju starfsmanna og gefa niðurstöðurnar skýrt til kynna að þetta markmið náðist.

Nýbreytniverkefni

Lagt var upp með fjögur nýbreytniverkefni á síðasta starfsári sem voru, a) þátttaka barna í ákvörðunum í leikskólastarfinu, b) innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starf leikskólans, c) samþætta vísindanáms og heimspeki og d) samþætta tónlist og íslensku. Öllum nýbreytniverkefnunum var hrundið úr vör og náðu fram að gagna. Gerð var grein fyrir þeim í köflunum hér á undan undir kaflanum *Mat á innra starfi*.

Húsnæði og viðhald

Í heild sinni voru foreldrar ánægðir með húsnæði leikskólans en gerðu þó athugasemdir við litlar deildir. Nokkrir foreldrar voru ósáttir vegna þeirra kröfu skólans að taka allan fatnað heim daglega í stað þess að geta geymt hann í leikskólanum yfir vikuna eins og gert er í öðrum leikskólum sveitarfélagsins. Í þessu sambandi má benda á að deildir í öðrum leikskólum sveitarfélagsins eru mun stærri en á Hæðarbóli og þurfa kennara í öðrum leikskólum ekki að nýta fataklefa sem kennslurými eins og kennarar Hæðarbóls. Einnig þurfa deildirnar að hafa þurrkklefa til að þurrka polla- og kuldagalla en leikskólinn býr ekki yfir þeim gæðum. Hér með er lagt til að bæjaryfirvöld fari í lausnaleytið með stjórnendum leikskólans og foreldrum til að þjónusta leikskólans verði ekki síðri en í öðrum leikskólum sveitarfélagsins.

Lokaorð

Ingibjörg Gunnarsdóttir leikskólastjóri lét af störfum sökum aldurs í byrjun sumars og hefur hún stýrt leikskólanum af mikilli fagmennsku, metnaði og sóma frá opnun skólans eða í hart nær 24 ár. Starfsmenn leikskólans eru henni afar þakklátir fyrir góðir leiðsögn og endalaus hvatningu í starfi. Nýr leikskólastjóri, sem jafnframt er höfundur þessara skýrslu, tók við starfi hennar 1. júlí. Hann lítur svo á að helsta verkefni nýs stjórnanda sé að viðhalda því góða og metnaðarfulla starfi sem unnið er í leikskólanum. Einnig gerir hann sér grein fyrir því að það er vandasamt verk að fylla í skarð Ingibjargar. Leikskólinn er skipaður frábæru og vel menntuðu fagfólki og hlakka starfsmenn hans til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem bíða þeirra. Hins vegar má segja að það sé ákveðinn kvíðahnútur í maga margra sem starfa í leikskólanum vegna þess að leikskólafulltrúi Garðabæjar, Anna Magnea Hreinsdóttir, sem hefur verið ötull talsamaður leikskólamálaflokksins og mikill hvalreki í faglegri forystu hans, er að láta af störfum. Hennar styrkur hefur verið ómetanlegur og um leið og við þökkum henni stuðning og endalaus hvatningu óskum við henni velfarnaðar í störfum.



Starfsáætlun skólaárið 2015 til 2016

Á stjórnendafundum 17., 18. og 19. ágúst, í ljósi niðurstöðu foreldrakönnunar, var ákveðið að leggja áherslu á miðlun upplýsinga um uppeldis- og menntastarfið til foreldra, uppfæra skólanámskránnu og festa í sessi starfs- og kennsluhætti sem skólinn hefur verið að þróa síðustu ár. Ennfremur að þróa ferla í samstarfi við foreldrar og kennara Hofstaðaskóla um flutning milli skólastiga sem og að þróa ferla um flutning milli deilda. Áherslupættir starfsáætlunar næsta starfsárs verða á að:

- Nýta samfélagsmiðla til að upplýsa foreldra um uppeldi og kennslu með því að stofna lokaðar síður fyrir hverja deild á Facebook og opna „like“síðu fyrir áhugasama um leikskólastarf Hæðarbóls.
- Uppfæra og endurskoða efnistöð á heimasíðu leikskólans og skrá kennslufræði námsgreina leikskólans.
- Þróa samstarf og móta ferla með foreldrum um flutning milli skólastiga.
- Endurskoða flutning og móta ferla með foreldrum um flutning milli deilda.
- Endurskoða skólanámskránnu.

Tímaás verkbátta starfsáætlunar									
	Verkbættir	sept.	okt.	nóv.	jan.	feb.	mars	apríl	maí
1	Facebook nýtt til upplýsinga miðlunar um uppeldi og kennslu								
2	Endurskoðun heimasíðu og uppfæra efnistöð								
3	Þróun ferla um flutning milli deilda í samstarfi við foreldra								
4	Þróun ferla um flutning milli skólastiga í samstarfi við foreldra og Hofstaðaskóla								
5	Endurskoðun skólanámskrá								

Nýbreytniverkefni skólaárið 2015-2016

Kennarar leikskólans ætla að ráðast í þrjú nýbreytniverkefni á næsta skólaári. Hið fyrst er þróunarverkefni sem styrkt er af Garðabær. Annað verkefni verður unnið í samstarfi við RannUng og þriðja verkefni verður samstarfsverkefni leikskólans og FG um íþróttakennslu tveggja elstu árganga leikskólans.

Þróunarverkefni um aukna þátttöku barna í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð. Leikskólinn sótti um þróunarstyrk í símenntunarsjóða Garðabæjar á vormánuðum 2015 til að þróa þátttöku barna að ákvörðunum í verkefnum og vinnubrögðum leikskólans. Hjördís Braga Sigurðardóttir, leikskólakennari verður verkefnastjóri og ýtir verkefninu formlega úr vör á skipulagsdaginn 11. september. Þá kynnir hún tilgang verkefnisins, helstu áfanga og

tímasetningar. Mánaðarlega verða matsfundir um framgang verkefnisins á hverri deild. Sumarið 2016 lýkur verkefninu með skýrslu og kynningu á árangrinum.

Rannsóknarverkefni í samstarf við RannUng. Sveitarfélögin í Kraganum gerðu samstarfssamning við Rannsóknastofu Ungra barna (RannUng) um að rannsaka mat á námi barna með ýmsum aðferðum. Þar sem Hæðarból er leikskóli sem nýtir námssögur til að meta nám barna var leitað eftir samstarfi við kennara leikskólans til að taka þátt. Meistararnemi í kennslufræðum ungra barna leiðir verkefnið undir handleiðslu sérfræðings á Menntavísindasviði HÍ. M-Ed ritgerð nemans mun fjalla um fagmennsku kennaranna og hvernig þeim tókst til að nýta námssöguaðferðina til að meta nám barnanna. Rannsóknir verður gerð með kennurum Víðisels.

Samstarfsverkefni Hæðarbóls og FG um íþróttakennslu tveggja elstu árganga leikskólans. Fagstjóri í íþróttum við FG leitaði eftir samstarfi við leikskólann um kennslu leikskólabarna í Mýrinni. Nemendur á íþróttabraut FG funda með tveimur elstu árgöngum leikskólans með það að markmiði að leita eftir hugmyndum barnanna að íþróttastundum. Í framhaldi búa nemarnir til tímaseðla fyrir leikskólabörnin og kenna þeim æfingarnar byggðar á hugmyndum barnanna. Kennt verður á þriðjudögum. Í kjölfar hvers tíma verða tímarnir metnir með þátttöku barnanna.

Umbótaáætlun

Einn þáttur kom afar illa úr úr foreldrakönnuninni en það var aðlögun barna. 30% þeirra sem tóku þátt í könnuninni voru óánægðir með aðlögunina. Því hefur verið ákveðið að kalla saman rýnihóp forelda barna á Furu- og Birkiseli til að fjalla um það sem fór úrskeiðið, hvað var gott og fá leiðbeiningar foreldrar um leiðir til úrbóta. Einnig sögðu 50% foreldrar vera virkir þátttakendur í undirbúningi grunnskólagöngu. Á stjórnendafundi var málið tekið fyrir og ákveðið að virkja og vinna betur með foreldrum við þessi mikilvægu tímamót í lífi barnsins og er verkefnið komið inn í starfsáætlun. Stjórnendur, foreldrar og kennarar grunnskólans þurfa að móta ákveðna verkferla um flutning milli skólastiga, miðla upplýsingum betur til foreldranna um þessi mikilvægu tímamóti í lífi barna þeirra.



Leikskólinn Hæðarból
Garðabæ

Leikskóladagatal 2015 - 2016

Leikskólinn Hæðarból

AGÚST		SEPTEMBER		OKTOBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L	1 Þ	Sættir að FG um þráttamark í Myrin	1 S	1 Þ	Fúlveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M	Tannverndaríka	1 Þ	Foreldravótöl	1 Þ	Foreldravótöl	1 Þ	Foreldravótöl	1 F	Myndmentak á vegum foreldraf. Vöðs	1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 F	
2 S	2 M		2 M	2 F		2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 M		2 L		2 M		2 F		2 L	
3 M	3 F	Frídagur verslunarmanna	3 Þ	3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F		3 S		3 Þ		3 F	Sumarhátíð	3 S	
4 Þ	4 F		4 M	4 S		4 M		4 F		4 M	Skípuhlagsdagur	4 F		4 F		4 M		4 M		4 L		4 M	
5 M	5 L		5 F	5 M		5 F	Júl í skókassa	5 L		5 Þ		5 F	Lýsaganga	5 L		5 Þ		5 F	Uppstigningardagur	5 S	Sjómannadagurinn	5 Þ	
6 F	6 S		6 F	6 Þ		6 S		6 S		6 M	Bretlándagleið	6 L	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M		6 M	
7 F	7 M		7 L	7 M		7 L		7 M	Adventukaffi á Furuseli	7 F		7 S		7 M		7 F		7 L		7 Þ		7 F	
8 L	8 Þ	Dagur læsleis-öfl barna koma með bækur að heimani í lek.	8 S	8 F		8 S		8 Þ		8 F		8 M	Bolludagur	8 Þ		8 F		8 S		8 M		8 F	
9 S	9 M		9 M	9 F	Sokkadagur í boði foreldrafélags	9 M		9 M		9 L		9 Þ	Sprengidagur	9 M		9 L		9 M		9 F		9 L	
10 M	10 F		10 Þ	10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Óskudagur	10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 S	
11 Þ	11 F	Skípuhlagsdagur- leikskólinn lokaður	11 M	11 S		11 M		11 F	Jólaball	11 M		11 F		11 M		11 M	Myndmentak á vegum foreldraf. Birkisel	11 M		11 L		11 M	
12 M	12 L		12 F	12 M	Foreldravótöl	12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 L		12 Þ	Myndmentak á vegum foreldraf. Birkisel	12 F		12 S		12 Þ	
13 F	13 S		13 F	13 Þ	Foreldravótöl	13 F		13 S		13 M		13 L		13 S		13 M	Myndmentak á vegum foreldraf. Birkisel	13 F		13 M		13 M	
14 F	14 M		14 L	14 M	Foreldravótöl	14 L		14 M	Adventukaffi á Birkiseli	14 F		14 S		14 M		14 Þ	Myndmentak á vegum foreldraf. Birkisel	14 L		14 Þ		14 F	
15 L	15 Þ		15 S	15 F	Foreldravótöl	15 S		15 Þ		15 F	Náttíradagur/ ball	15 M		15 Þ		15 F	Myndmentak á vegum foreldraf. Birkisel	15 S	Hvítasunnudagur	15 M		15 F	
16 S	16 M	Dagur íslenskar náttúru- barn lek. í náttúruskóðun	16 M	16 F	Foreldravótöl	16 M		16 M		16 Þ		16 Þ		16 M		16 L		16 M	Annar í hvítasunnu	16 F		16 L	
17 M	17 F		17 Þ	17 L		17 Þ		17 S	Foringing á heigileik for- boði á frumspýngu	17 S		17 M		17 F		17 S		17 Þ	Skípuhlagsdagur	17 F	Lýðveldisdagurinn	17 S	
18 Þ	18 F		18 M	18 S		18 M		18 F	Íveir elstu argangar lek. syna heigileik	18 M		18 F		18 F	Mömmu og ömmu	18 M		18 M		18 L		18 M	
19 M	19 L		19 F	19 M	Foreldravótöl	19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 L		19 Þ		19 F	Sveitarferð í boði foreldrafélags	19 S		19 Þ	
20 F	20 S		20 F	20 M	Foreldravótöl	20 F		20 S		20 M		20 L		20 S	Pálmasunnudagur	20 M		20 F		20 M		20 M	
21 F	21 M		21 L	21 M	Foreldravótöl	21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur	21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ		21 F	
22 L	22 Þ	Forannaríka-Veltra, barn umráða lek.	22 S	22 F	Foreldravótöl	22 S		22 Þ		22 F	Böndadagur/ borrbítl	22 M		22 Þ		22 F	Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ	22 S		22 M		22 F	
23 S	23 M		23 M	23 F	Foreldravótöl	23 M		23 M	Boríaksmessa	23 L		23 Þ		23 M		23 L		23 M	Útefni og útefniþerfing elstu barnanna	23 F		23 L	
24 M	24 F		24 Þ	24 L		24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 F	Skírdagur	24 S	Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ	24 F		24 F		24 S	
25 Þ	25 F		25 M	25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F	Fjóstudagurinn langi	25 F		25 M	Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ	25 M		25 L		25 M	
26 M	26 L		26 F	26 M		26 F		26 L	Annar í jólam	26 Þ		26 F		26 L		26 Þ	Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ	26 F	Hjóladaur	26 S		26 Þ	
27 F	27 S	Alþjóðlegi bangasdagurinn í boði foreldrafélags	27 F	27 M		27 F		27 S		27 M		27 L		27 S	Páskadagur	27 M	Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ	27 F		27 M		27 M	
28 F	28 M	Forannaríka-Veltra, barn umráða lek. 5 ára barnin	28 L	28 M		28 L		28 M		28 F		28 S		28 M	Annar í Páskum	28 F	Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ	28 L		28 Þ		28 F	
29 L	29 Þ	Foreldrar. Kjöting á veltra- Akall. Foreldrar.	29 S	29 M		29 S		29 Þ		29 F	Pabba og alla kaffi	29 M	Foreldravótöl	29 Þ	Myndmentak á vegum foreldraf. Vöðs	29 F	Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ	29 S		29 M		29 F	
30 S	30 M		30 M	30 F		30 M		30 M		30 L		30 L		30 M	Myndmentak á vegum foreldraf. Vöðs	30 L		30 M		30 F		30 L	
31 M								31 F	Gamlársdagur	31 S				31 F	Foreldravótöl	31 Þ		31 Þ				31 S	

Staðfesting foreldraráðs

Staðfesting leikskólans Hæðarbóls um starfsáætlun og skóladagatal skólaárið 2015 til 2016

Í lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 kemur fram í 11. gr. að hlutverk foreldraráðs sé að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð leikskólans Hæðarbóls staðfestir með undirskrift sinni hér neðar að það hefur farið yfir starfsáætlun og skóladagatal í samræmi við lög um leikskóla frá 2008 (14. grein).

Garðabær

25. ágúst 2015

Foreldraráð leikskólans

Helga Margrét Pálsdóttir

Helga Rún Helgadóttir
